

Lög foreldrafélags Auðarskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Auðarskóla. Í félaginu eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

2. gr.

Markmið félagsins eru að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla - og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til menntunnar og aukins þroska

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- Skipa bekkjatengla úr grunnskóla og leikskóla fyrir hvert stig með tilliti til samkenndu og veita þeim stuðning á skipulagi viðburða.
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál setja sér skýrar starfsreglur
- Kjósa 2 fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins eins og 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla gerir ráð fyrir
- Standa að upplýsingamiðlun til foreldra með því að birta fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
- Veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
- Styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðisráð og landssamtök foreldra

4. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm forráðamönnum barna skólans og tveimur varamönnum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur

meðstjórnendum. Ritari gegnir jafnframt hlutverki varaformanns. Ávallt skulu minnst tveir aðalmenn eiga börn í leikskóla. Formaður skal kosinn sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalmenn stjórnar eru kjörnir til tveggja ára í senn, ávalt skulu a.mk. tveir aðalmenn sitja áfram í næstu stjórn. Varamenn eru kjörnir til eins árs í senn. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

5. gr

Bekkjartenglar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjartenglar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjartengla er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til eins árs í senn. Skulu bekkjarfulltrúar halda amk. tvo viðburði á hverju skólaári og fá þeir úthlutað fjármagn til þess að skipuleggja skemmtun fyrir nemendur og foreldra. Tekin er ákvörðun um fjármagnið á aðalfundi foreldrafélagsins.

6. gr.

Nemendur geta sent inn beiðni um styrk til stjórn foreldrafélagsins, sem tekur ákvörðun um afgreiðslu þeirra eins fljót og hægt er. Þá skulu nemendur tilgreina í umsókn sinni, kostnað verkefnisins, dagsetningu og tilgang verkefnisins.

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo fulltrúa í skólaráð til tveggja ára og skal annar þeirra eiga barn í leikskóla. Varamaður skal vera stjórnarmeðlimur foreldrafélagsins. Einnig skal á aðalfundi kjósa til tveggja ára einn áheyrnarfulltrúa í fræðslunefnd sveitarfélagsins og annan til vara.

8. gr.

Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar fyrir 15. Apríl ár hvert og skal það gert með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal dagskrá fundar koma fram.

Á dagskrá aðalfundar skulu þessir liðir vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fráfarandi stjórn gerir grein fyrir starfi síðasta starfsárs og fjárhagslegri stöðu

félagsins.

3. Fulltrúar í skólaráði gera grein fyrir starfi síðasta starfsárs.
4. Lagabreytingar, hafi tillögur þar um verið aug lýstar í fundarboði
5. Reikningar lagðir fram til samþykktar
6. Kosningar. Formanns og annarra stjórnarmanna,
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til 1 árs í senn
8. Kosning fulltrúa í skólaráð og áheyrnafulltrúa foreldra í fræðslunefndar samkvæmt starfsreglum félagsins.
9. Önnur mál.

9. gr.

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

10. gr

Stjórn skal boða skólaráðsfulltrúa, áheyrnarfulltrúa foreldra í fræðslunefnd og bekkjartengla á fund einu sinni á hvorri skólaönn, oftast ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldin í upphafi skólaárs. Stjórn undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum

11. gr

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.

12. gr

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt með skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.